

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Atvinnuveganefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **31.5.2022**
Málsnúmer: **FJR22020013**
Bréfalykill: **8.1.9**

Efni: Ábendingar fjármála- og efnahagsráðuneytis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/199 (hækkun hlutfalls endurgreiðslu).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fékk til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (hækkun hlutfalls endurgreiðslu), sem nú er til meðferðar hjá Alþingi. Ráðuneytið var með ábendingar um kostnaðaráhrif og telur sér skylt að koma þeim ábendingum jafnframt á framfæri við atvinnuveganefnd þar sem þær varða mat á áhrifum frumvarpsins. Ábendingarnar eru eftirfarandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur vert að benda á nokkra vankanta á frumvarpinu í óbreyttri mynd, þá sérstaklega að um ófjármagnað frumvarp er að ræða og tjárheimildir því ekki til staðar til að mæta þeim kostnaðarauka sem frumvarpið hefur í för með sér. Þá bendir ráðuneytið einnig á að gert er ráð fyrir tveim vikum til yfirferðar frumvarpa en endanlegt frumvarp barst 10. maí og framlagning frumvarps þann 13. maí og tími til rýni því ónægur. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur því ekki lokið yfirferð sinni á frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 43/199, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. FJR vill vekja athygli á því að frumvarp þetta er ófjármagnað, bæði á yfirstandandi ári og tíma fjármálaætlunar fyrir árin 2023–2027. Í greinargerð frumvarps segir að gert sé ráð fyrir 300 m.kr. árlega á tíma fjármálaætlunar til að bregðast við auknum útgjöldum í kjölfar lagabreytinganna. Rétt er að tjárheimild hækki um 300 m.kr. varanlega á tímabili fjármálaáætlunar en sú aukning er til að bregðast við veikleikum í núverandi kerfi þar sem endurgreiðsluhlutfallið er 25%. FJR vill einnig benda á að hækkun endurgreiðsluhlutfalls í 35% fyrir afmörkuð verkefni auki á núverandi vanda um sjálfvirkni í útgjaldavexti kerfisins. Ef vilji er að hækka endurgreiðsluhlutfall þurfa að vera strangari skilyrði við veitingu vilyrða svo væntar endurgreiðslur rúmist innan tjárheimilda. Með því að stöðva sjálfvirkni kerfisins er tjárveitingarvald Alþingis tryggt. Í því samhengi er vert að benda á að tjárheimild ársins nemur 1.453 m.kr. en áætluð endurgreiðsla á árinu skv. veittum vilyrðum nema 4.247 m.kr. Að lokum bendir FJR á að starfshópur var skipaður sem falið var að vinna frumvarp þetta, vegna flýtingar máls var frumvarpið alfarið unnið af menningar- og viðskiptaráðuneyti en ekki í því samstarfi sem til stóð.